



Reykjavík 7. desember 2015

Júdomenn ársins 2015

Þormóður Jónsson úr JR (Júðofélagi Reykjavíkur) og keppir í þungavigt (+100 kg) var valinn júdomaður ársins 2015. Hann keppti nokkuð víða um heim á árinu og er hér stiklað á því helsta. Hann vann gullverðlaun á Reykjavík Judo Open sem er alþjóðlegt mót sem haldið er árlega samhliða RIG, hann varð Norðurlandameistari í þungavigt, vann til bronsverðlauna á Continental Open í Glasgow, keppti um bronsverðlaunin á Oceania Open í Ástralíu en varð fimmti og hann komst í sextán manna úrslit á Grand Prix í Kóreu. Hér heima bar Þormóður höfuð og herðar yfir keppinauta sína og varð bæði Íslandsmeistari í þungavigt og opnum flokki. Á heimslistanum er Þormóður núna í 72 sæti.

Helsti árangur 2015.

Reykjavík Judo Open	1. sæti
Norðurlandamót	1. sæti
Continental Open Glasgow	3. sæti
Oceania Open Ástralía	4. sæti
Grand Prix Jeju Kóreu	16. sæti
Íslandsmeistaramót	1. sæti
Íslandsmeistaramót opinn flokkur.	1. sæti

Hjördís Erna Ólafsdóttir úr JR (Júðofélagi Reykjavíkur) sem keppir í -70kg flokki var valin júðókona ársins 2015. Hún varð Íslandsmeistari -70 kg flokki og í öðru sæti í opnum flokki. Reykjavíkurmeistari, sigraði á Haustmóti JSÍ og Íslandsmeistari með félagi sínu í sveitakeppni JSÍ. Keppti á Smáþjóðaleikunum í 63kg flokki og hreppti silfrið með kvennasveit Íslands í liðakeppni leikanna.

Helsti árangur 2015.

Íslandsmeistaramót	1. sæti
Íslandsmeistaramót opinn flokkur	2. sæti
Haustmót JSÍ	1. sæti
Sveitakeppni JSÍ	1. sæti
Smáþjóðaleikarnir 2015 (Liðakeppni)	2. sæti
Reykjavíkurmeistaramót	1. sæti

Efnilegasta júðókona ársins 2015 Enginn valinn 2015

Efnilegasti júdomaður ársins 2015 var valinn Grímur Ívarsson úr Júðódeild Selfoss.

Helstu afrek ársins hjá Grími, sem keppti ýmist í -90 eða -100kg flokki voru eftirfarandi.

Norðurlandameistari U21 -90kg og silfur í sama þyngdarflokki í U18. Á Matsumae Cup varð hann í öðru sæti í U18 -90kg og á Opna Sænska í sama aldurs og þyngdarflokki hreppti hann bronsverðlaunin. Grímur varð Íslandsmeistari í +100 kg í U21 og hlaut silfur í +90kg í U18, gull á Afmælis móti JSÍ í U21 -90kg og einnig hlaut hann silfurverðlaunin á Íslandsmeistaramóti karla í -100 kg flokki.